



HÁSKÓLI ÍSLANDS



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA



Erlendir gestir í Mývatnssveit sumarið 2016

Niðurstöður ferðavenjukönnunar

Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir

2017

© Rannsóknamiðstöð ferðamála 2017

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála, Borgum v/ Norðurlóð, IS-600 Akureyri

Sími: (+354) 460 8930

Rafpóstur: rmf@unak.is

Veffang: www.rmfi.is

Titill: Erlendir gestir í Mývatnssveit sumarið 2016: Niðurstöður ferðavenjukönnunar

Höfundur: Lilja B. Rögnvaldsdóttir

Umbrot og teikningar: Blek hönnunarstofa - blekhonnun.is

Forsíðumynd: Vindbelgur © Markaðsstofa Norðurlands

Kápa: Ásprent - Stíll og Rannsóknamiðstöð ferðamála

Númer: RMF S-09-2017

ISBN: 978-9935-437-74-7

ISSN: 1670-8857

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Erlendir gestir í Mývatnssveit sumarið 2016

NIÐURSTÖÐUR FERÐAVENJUKÖNNUNAR

Rannsóknamiðstöð ferðamála hefur í samstarfi við Rannsóknasetur HÍ á Húsavík staðið fyrir framkvæmd ferðavenjukönnunar meðal erlendra gesta á áfangastöðum frá árinu 2013. Með könnuninni er upplýsinga aflað um ferðahegðun og neyslu erlendra gesta á einstökum svæðum yfir sumartímann. Upplýsingarnar gefa m.a. vísbendingu um ástæðu heimsóknar, dvalarlengd gesta, upplifun þeirra og svæðisbundin útgjöld.

Sumarið 2016 var könnunin framkvæmd á sex stöðum landsins, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Mývatnssveit, Húsavík, Ísafirði og Stykkishólmi. Í þessari samantekt eru birtar niðurstöður könnunarinnar í Mývatnssveit.

Verkefnið var fjármagnað af Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Framkvæmd könnunarinnar í Mývatnssveit var unnin í samstarfi við Þekkingarnet Þingeyinga á Húsavík.



EFNISYFIRLIT

Aðferð	2
Búsetuland gesta	3
Gestakomur	4
Ferðafélagar	5
Fjöldi samferðamanna	7
Dvalarstaður gesta, fyrir og eftir heimsókn	8
Gisting	9
Gistinætur	10
Gistimáti	11
Tilgangur ferðar	12
Ástæða heimsóknar	13
Tímasetning ákvörðunar um heimsókn	14
Uppruni upplýsinga	15
Ferðamáti	16
Skipulag ferðar	17
Dvalarlengd	18
Afþreying og þjónusta	19
Ánægja	20
Útgjöld	21
Athugasemdir	22
Samantekt	23

Spurningakönnunin sem er grundvöllur þessarar rannsóknar einskorðast við erlenda gesti í Mývatnssveit sumarið 2016. Flestar spurninganna sem lagðar voru fyrir viðmælendur voru lokaðar þar sem svarendur merktu við þann svarmöguleika sem átti best við í þeirra tilfalli. Spurningar sem snéru að búsetulandi, aldri, ástæðu heimsóknar, útgjöldum og athugasemdum voru opnar. Könnunin var á þremur tungumálum, ensku, þýsku og frönsku.

Þátttakendur voru spurðir út í heimsókn sína til staðarins og ferðahegðun meðan á dvöl þeirra í Mývatnssveit stóð. Sérstaklega var spurt um útgjöld gesta. Þar var átt við þá upphæð sem greidd var fyrir kaup á neysluvörum og þjónustu sem og fyrir önnur verðmæti til eigin nota eða gjafa í sólarhring meðan á dvöl stóð. Það fól í sér útgjöld gesta sem greidd voru af þeim sjálfum eða af öðrum fyrir þeirra hönd. Stuðst var við reglur þjóðhagsreikninga um einkaneyslu þar sem miðað er við að neyslan eigi sér stað við afhendingu þjónustu eða við eigendaskipti vöru hvort sem peningaleg greiðsla á sér stað um leið eða ekki.* Útgjöld vegna gistiþjónustu voru því metin þann sólarhring sem dvalið var á gististaðnum, vegna ferða þann sólarhring sem ferðin átti sér stað o.s.frv.

Framkvæmd könnunarinnar tók fjóra daga. Spylar voru staðsettir framan við hliðið inn að Dimmuborgum. Þeir óskuðu eftir þátttöku allra erlendra gesta sem urðu á vegi

þeirra. Um var að ræða úrtakskönnun og niðurstöðurnar ber að túlka sem vísbendingu um ákveðið ástand en forðast alhæfingar út frá þeim.

Tímabil framkvæmdar var 5.-8. júlí. Innan dagsins var könnunin framkvæmd á tímabilinu kl. 9-18. Alls voru 702 erlendir gestir beðnir um að taka þátt í könnuninni. Af þeim samþykktu 441 þátttöku, eða 56% aðspurðra. Endanlegur fjöldi svara var yfir lágmarksstærð úrtaks miðað við 95% öryggismörk og ±5% úrtaksskekkju. Meðalaldur svarenda var 46 ár, hlutfall kvenna var 55% og karla 45%.


Framkvæmd könnunarinnar var háð því að gestir staðarins færu fótgangandi um rannsóknarsvæðið á þeim tíma sem könnunin var framkvæmd. Með því var útilokuð þátttaka þeirra gesta sem komu til staðarins eftir kl. 18 á kvöldin og fóru þaðan fyrir kl. 9 um morguninn, sem og þeirra sem fóru ekki fótgangandi um hið skilgreinda rannsóknarsvæði á meðan framkvæmd spurningakönnunarinnar stóð.

Við lok gagnaöflunar voru svarblöðin skönnuð og niðurstöður forunnar hjá Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri. Við úrvinnslu gagnanna var notast jafnt við SPSS og Excel. Við útreikninga á útgjöldum erlendra gesta í erlendum gjaldmiðlum var notast við miðgengi Seðlabanka Íslands þann 15. júlí 2016. Útgjöld fyrri ára eru á verðlagi ársins 2016.

*United Nations. (2010). The conceptual framework for tourism statistics – International Recommendations for Tourism Statistics 2008. Madrid: United Nations

Hvert er búsetuland þitt?

Í Mývatnssveit hefur hlutfall sumargesta frá Þýskalandi mælst hærra en á landsvísu undanfarin ár. Á tímabilinu 2014-2016 lækkaði það þó úr 22% í 18% á sama tíma og það fór úr 13% í 10% á landsvísu. Bandaríkjamönnum hefur fjölgað nokkuð hratt á svæðinu eða úr 7% í 21% á sama tíma og hlutfall þeirra jókst úr 16% í 26% á landsvísu. Athygli vekur fækkun gesta frá Frakklandi í Mývatnssveit á tímabilinu eða úr 18% í 6%. Á landsvísu fór hlutfall gesta frá Frakklandi úr 7% í 6%.**




*Ferðamálastofa. [e.d.]. Brottfarir erlendra farþega um Keflavíkurflugvöll 2003-2017.

**Á landsvísu reiknast hlutfallið yfir tímabilið júní til ágúst ár hvert. Myndin sýnir búsetuland erlendra gesta í Mývatnssveit sumrin 2014-2016 og þjóðerni erlendra farþega um Keflavíkurflugvöll þann mánuð sem könnunin í Mývatnssveit var framkvæmd sumarið 2016.

Gestakomur erlendra ferðamanna*

Þegar litið er til sömu landa og hér að framan í gestakomum Hagstofunnar í Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit má greina þróun í sömu átt og í könnuninni þar sem hlutfall gesta frá Þýskalandi og Frakklandi lækkaði árin 2014-2016 yfir sumartímamann en hækkaði meðal gesta frá Bandaríkjunum. Hlutfall gesta frá Þýskalandi var 20%, frá Frakklandi 11% og Bandaríkjunum 16% sumarið 2016.**




*Gestakomur erlendra ferðamanna í Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit sumrin 2014-2016 (júní til ágúst).

**Hagstofa Íslands (e.d.). Gistinætur og gestakomur á öllum tegundum gististaða eftir sveitarfélögum 2008 – 2016.

Með hverjum ferðaðist þú?

Flestir þátttakenda voru á ferð með fjölskyldu og vinum (80%). Um 15% svarenda voru í hópferð og 7% ferðuðust einir.


Niðurstöðurnar á landsvísi voru nokkuð svipaðar þó hlutfall þeirra sem ferðuðust með fjölskyldu og vinum væri heldur lægra í Mývatnssveit en á landsvísi. Hlutfall gesta í skipulagðri hópferð var hærra í Mývatnssveit og hlutfall þeirra sem ferðuðust einir var lægra. Sumrin 2014-2016 hefur hlutfall þeirra sem ferðuðust með fjölskyldu og vinum mælst á bilinu 76-88% í Mývatnssveit, hlutfall gesta í skipulagðri hópferð 6-21%, þeirra sem ferðuðust einir 4-7% og þeirra sem ferðuðust með vinnufélögum á bilinu 1-3%.




*Ferðamálastofa. (2016). Erlendir ferðamenn á Íslandi: Sumar 2016. Reykjavík: Maskína

Hversu margir ferðuðust með þér, að þér meðtöldum?

Algengast var að gestir ferðuðust tveir saman (44%). Í um 14% tilvika voru börn undir 18 ára aldri með í för.




Hvar dvaldir þú nóttina áður en þú komst í Mývatnssveit?



Flestir gestanna höfðu gist á Norðurlandi eystra nóttina áður en þeir heimsóttu Mývatnssveit eða alls um 52% þeirra. Þar af höfðu um 30% gist á Akureyri, 7% á Húsavík og 6% í Þingeyjarsveit. Um 19% höfðu dvalið á Austurlandi, 5% á Suðurlandi og 1% á höfuðborgarsvæðinu. Um 1% gesta hafði dvalið á Suðurnesjum og Vesturlandi en enginn á Vestfjörðum. Á Norðurlandi vestra dvöldu um 4% gesta, um 10% gistu um borð í skemmtiferðaskipum og 7% nefndu annað, s.s. heimaland eða óskilgreindan dvalarstað.


Hvar ætlar þú að dvelja fyrstu nóttina eftir að þú ferð frá Mývatnssveit?



Að lokinni heimsókn ætluðu flestir að gista á Norðurlandi eystra eða um 53% svarenda. Þar af sögðust 29% ætla að gista á Akureyri, 11% á Húsavík og 5% í Þingeyjarsveit. Um 16% ætluðu að gista á Austurlandi, 3% á Suðurlandi og 1% á höfuðborgarsvæðinu. Um 1% gesta áformaði að dvelja á Suðurnesjum og Vesturlandi og sama hlutfall á Vestfjörðum. Alls sögðust um 5% gesta ætla að gista á Norðurlandi vestra og 8% nefndu aðra kosti, s.s. heimaland eða óskilgreinda dvalarstaði. Um 11% gesta ætluðu að dvelja um borð í skemmtiferðaskipi. Af þeim sem höfðu dvalið á Akureyri nóttina fyrir heimsókn ætluðu 44% að gista aftur á Akureyri að heimsókn lokinni. Einungis 28% þeirra áformuðu að gista yfir nótt í Mývatnssveit sem bendir til þess að dagsferðir frá Akureyri séu nokkuð algengar í Mývatnssveit.

Dvaldir þú í Mývatnssveit síðustu nótt eða munt þú dvelja þar í nótt?

Hlutfall þeirra erlendu ferðamanna sem dvöldu yfir nótt í Mývatnssveit var 39% og hafði það lækkað talsvert frá sumrinu 2014 þegar það mældist 63%.
Algengara var að ferðamenn frá Þýskalandi gistu á svæðinu en frá öðrum löndum. Um 56% gesta þaðan ætluðu að dvelja yfir nótt til samanburðar við 42% gesta frá Frakklandi og 27% gesta frá Bandaríkjunum.



Gistinætur erlendra ferðamanna*

Þrátt fyrir að hlutfall næturgesta hafi lækkað á milli ára hefur gistinóttum í Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit engu að síður fjölgað vegna aukins fjölda ferðamanna. Á tímabilinu 2014-2016 fjölgaði gistinóttum þar um helming og voru þær um 201 þúsund árið 2016 sem er um 3,0% af heildarfjölda gistinátta á Íslandi það ár. Hlutfallið var 3,9% yfir sumarmánuðina þrjá en 2,9% yfir vetrarmánuðina. Um 60% allra gistinátta í Mývatnssveit, Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit áttu sér stað í júní til ágúst og 80% frá maí til september svo árstíðasveiflan er enn töluverð á svæðinu. Hún hefur þó minnkað nokkuð þar sem sama hlutfall var 78% og 91% árið 2014.**



*Gistinætur erlendra ferðamanna eftir mánuðum í Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit 2014-2016.


**Hagstofa Íslands (e.d.). Gistinætur og gestakomur á öllum tegundum gististaða eftir sveitarfélögum 2008-2016

Hvaða gistaðstöðu nýttir þú þér eða hyggst þú nýta þér í Mývatnssveit?

Af þeim erlendu ferðamönnum sem dvöldu yfir nótt í Mývatnssveit gistu flestir á hótélum eða alls um 35% þeirra. Um 22% gistu á gistiheimilum, um 30% á tjaldsvæðum og 1% í einkagistingu. Til einkagistingar telst m.a. Airbnb og heimagisting. Önnur gisting er m.a. bifreiðar eða tjöld utan tjaldsvæðis og gisting hjá vinum og ættingjum.

Sumarið 2014 gistu 23% ferðamanna á hótélum og 24% á gistiheimilum. Sumarið eftir var hlutfallið 22% á hótélum og 20% á gistiheimilum. Þá var algengasti gistimáti ferðamanna tjaldsvæði. Breyting varð þar á sumarið 2016 þar sem hótelin urðu að vinsælasta gistimátanum en mikil uppbygging hefur átt sér stað í þeim geira í Mývatnssveit á tímabilinu.

Á landsvísu var hlutfall gistingar á hótélum og gistiheimilum hæst sumarið 2016 eða samtals um 32%. Þar næst kom hlutfall tjaldsvæða sem var 21%. Athygli vekur hátt hlutfall einkagistingar á landsvísu en það var um 18%.*




* Ferðamálastofa. (2016). Erlendir ferðamenn á Íslandi: Sumar 2016. Reykjavík: Maskína

** Í könnun Ferðamálastofu er hlutfall hótela og gistiheimila tekið saman og því er samanburður með þessum hætti hér.

***Ekki var spurt sérstaklega um farfuglaheimili og einkagistingu í Mývatnssveit sumarið 2014.

Hver er megintilgangur heimsóknar þinnar til Mývatnssveitar?


Langflestir gesta sögðu megintilgang heimsóknar sinnar til Mývatnssveitar vera frí. Sumrin 2014-2016 var hlutfallið á bilinu 95%-97% sem er svipað og í könnun Ferðamálastofu á Keflavíkurflugvelli. Hlutfall þeirra sem komu í þeim tilgangi að heimsækja vini og ættingja, vinna eða mæta á viðburð í Mývatnssveit var lægra en á landsvísu.



*Ferðamálastofa. [2016]. Erlendir ferðamenn á Íslandi: Sumar 2016. Reykjavík: Maskína. Nokkrir aðspurðra nefndu fleiri en einn valmöguleika svo fjöldi svara er fleiri en svarenda.

Vinsamlegast tilgreindu ástæðu þess að Mývatn varð fyrir valinu sem áfangastaður


Náttúrufergurð í Mývatnssveit hefur löngum verið megin aðdráttarafi staðarins. Samarið 2016 sagðist helmingur allra gesta hafa komið til staðarins vegna ferðar hans og sérstæðrar náttúru. Þar af nefndi um 10% svarenda sérstaklega eldvirkni svæðisins. Um 24% gesta sögðu heimsóknina vera hluta af lengri ferð og gáfu ekki frekari ástæðu fyrir heimsókninni. Alls komu um 11% gesta vegna meðmæla sem þeir höfðu fengið úr ferðahandbókum eða frá vinum og öðrum ferðamönnum. Færri en 5% gesta nefndu aðrar ástæður s.s. náttúruböð, gönguleiðir, fugla, áhuga á Norðrinu, afþreyingu, ljósmyndun og dýralíf.* Niðurstöðurnar voru nokkuð svipaðar sumrin 2014 og 2015.



* Spurningin var opin og svarendur skrifuðu ástæðu sem niðurstöðurnar eru greindar út frá. Í einhverjum tilvikum voru fleiri en ein ástæða og því eru fleiri svör en svarendur.

Hvenær tókst þú ákvörðun um að heimsækja Mývatnssveit?

Ferðamenn í Mývatnssveit virtust almennt hafa ákveðið að heimsækja staðinn áður en þeir komu til Íslands eða alls um 77% þeirra. Um 9% tóku ákvörðun eftir að þeir komu til landsins og um 4% sögðu heimsóknina vera meginástæðu Íslandsferðarinnar. Um 14% gesta sögðust bara hafa keyrt í gegn á leið sinni annað og því væri ekki um eiginlega ákvörðun að ræða. Þessi hlutföll eru sambærileg við niðurstöður ársins á undan.




* Nokkrir aðspurðra nefndu fleiri en einn valmöguleika svo fjöldi svara er fleiri en svarenda.

Hvaðan aflaðir þú upplýsinga um Mývatnssveit?

Flestir höfðu fengið upplýsingar um Mývatnssveit hjá ferðaskrifstofum eða alls um 49% gesta. Um 29% öfluðu upplýsinga í gegnum vefsíður, 19% höfðu fengið upplýsingar úr bókum og ferðahandbókum og 18% hjá vinum og ættingjum. Um 12% gesta nefndu aðra þætti s.s. upplýsingamiðstöðvar, gististaði og kort. Einhverjir höfðu komið áður til staðarins og þekktu hann því. Um 19% sögðu að heimsókn til staðarins væri hluti af lengri ferð og upplýsinga hefði ekki verið aflað sérstaklega um svæðið.


Niðurstöður á landsvísu voru nokkuð frábrugðnar. Þar höfðu flestir (85%) aflað upplýsinga um Ísland á netinu og næstflestir úr bæklingum eða handbókum (36%). Um 35% höfðu fengið upplýsingar um landið hjá vinum og ættingjum og einungis 21% hjá ferðaskrifstofum.*



*Ferðamálastofa. (2016). Erlendir ferðamenn á Íslandi: Sumar 2016. Reykjavík: Maskína. Nokkrir aðspurðra nefndu fleiri en einn valmöguleika svo fjöldi svara er fleiri en svarenda.


Hvernig ferðaðist þú til Mývatnssveitar?

Langflestir ferðudust til Mývatnssveitar með bílaleigubílum eða um 62% gesta. Um 18% voru í hópferð og 7% ferðudust með áætlunarbifreið. Um 6% notuðu einkabíla. Annar ferðamáti telst t.d. flug, reiðhjól og puttaferðalag. Hlutfall bílaleigubíla lækkaði nokkuð á tímabilinu en það var hæst sumarið 2014 alls 78%. Hlutfall hópferða jókst en aðrir þættir voru svipaðir.



Hvernig var skipulag ferðar þinnar til Mývatnssveitar?

Flestir aðspurðra (59%) höfðu skipulagt ferðina til Mývatnssveitar sjálfir og 28% voru í pakkaferð. Hlutfallið á landsvísi var nokkuð frábrugðið þar sem 89% voru í ferð á eigin vegum og 11% í pakkaferð.* Ekki var spurt um skipulag ferðar í fyrri könnunum.





*Ferðamálastofa. (2016). Erlendir ferðamenn á Íslandi: Sumar 2016. Reykjavík: Maskína.

Hversu lengi telur þú að dvöl þín í Mývatnssveit muni vara?

Meðaldvalarlengd erlendra gesta í Mývatnssveit var um 17,2 klst. Flestir dvöldu á staðnum í 25-48 klst. eða um 25% gesta. Meðaldvalarlengd dagsgesta var 6,7 klst. og næturgesta 33,7 klst. Dvalarlengd erlendra gesta í Mývatnssveit hefur styst töluvert þar sem hún var 21 klst. sumarið 2015 og 26 klst. sumarið 2014. Hlutfall þeirra sem dvöldu yfir nótt lækkaði úr 63% í 39% á sama tíma.

Gestir frá Þýskalandi dvöldu að meðaltali í 25 klst. í Mývatnssveit sem er heldur lengri tími en meðal gesta frá Bandaríkjunum sem dvöldu í 14 klst. og frá Frakklandi í 16 klst.



Vinsamlegast tilgreindu hvaða þætti/afþreyingu þú hyggst nýta þér í Mývatnssveit


Gönguferðir voru vinsælar meðal ferðamanna í Mývatnssveit en alls ætluðu um 64% þeirra að ganga um svæðið meðan á dvöl þeirra stóð. Hlutfallið var hæst meðal gesta frá Þýskalandi þar sem 85% þeirra ætluðu í gönguferð. Hlutfallið var 52% meðal gesta frá Bandaríkjunum og 69% meðal gesta frá Frakklandi. Algengara var að gestir tjaldsvæða færu í gönguferð en gestir annarra gististaða og yngri gestir voru líklegri en þeir eldri til að ganga um svæðið. Hlutfall þeirra sem ætluðu í gönguferð hefur farið heldur lækkandi á tímabilinu 2014-2016 eða úr 78% í 64%.

Alls sögðust 62% svarenda ætla í útsýnisferð sem er talsverð aukning frá fyrri árum. Um 61% sögðust ætla að taka myndir og 41% áformuðu að fara á kaffi- eða veitingahús.

Um 47% gesta ætluðu í náttúruböð sem er sama hlutfall og sumarið áður en heldur lægra en sumarið 2014. Um 54% gesta frá Frakklandi ætluðu í náttúruböð, um 32% gesta frá Bandaríkjunum og 40% gesta frá Þýskalandi sumarið 2016. Jarðböðin í Mývatnssveit flokkast sem náttúruböð.


Athygli vekur lækkun á hlutfalli þeirra sem ætluðu á söfn, í hellaskoðun og í ferð um hálendið. Sama átti við um þá sem hugðust smakka mat úr héraði og skoða fugla. Ástæður þessarar lækkunar koma ekki fram í niðurstöðum könnunarinnar en hafa ber í huga að meðaldvalartími gesta hefur styst talsvert á tímabilinu sem minnkar möguleika þeirra á að nýta sér afþreyingu staðarins.

Aðrir valkostir voru m.a. hestaferðir, hjólaferðir, heimsókn á handverkshús ofl.



Hversu ánægð/ur ert þú með heimsókn þína til Mývatnssveitar?

Almennt voru þátttakendur mjög ánægðir (52%) eða ánægðir (34%) með dvöl sína í Mývatnssveit. Um 3% aðspurðra sögðust hvorki vera ánægðir né óánægðir, um 1% gesta voru óánægðir og 10% mjög óánægðir. Á skalanum 1-5 var ánægjustig gesta 4,19.* Gestir frá Bandaríkjunum mældust með 4,23 til samanburðar við 3,98 meðal gesta frá Þýskalandi og 4,05 meðal gesta frá Frakklandi. Meiri ánægja virtist vera meðal þeirra gesta sem fóru í gönguferð þar sem ánægjustig þeirra mældist 4,29 til samanburðar við 3,99 meðal þeirra sem fóru ekki. Hjá þeim sem fóru á kaffi- eða veitingahús mældist ánægjan 4,34 til samanburðar við 4,08 meðal þeirra sem fóru ekki. Meðal athugasemda sem komu fram hjá þeim sem voru mjög óánægðir með dvölinni í Mývatnssveit voru skortur á almenningssalernum og of mikill fjöldi ferðamanna. Ekki reyndist unnt að greina niðurstöður óánægðra gesta frekar þar sem fjöldi svara gaf ekki kost á því.



*„Mjög óánægðir“ fengu gildið 1 og „mjög ánægðir“ gildið 5


Vinsamlegast áætlið sólarhringsútgjöld ykkar í Mývatnssveit eftir útgjaldaliðum

Meðalútgjöld erlendra gesta á sólarhring voru 10.512 kr. Upphæðin reiknast á alla svarendur óháð því hvort þeir greiddu fyrir vörur og þjónustu eða ekki. Útgjöldin voru hæst í flokki gistiþjónustu en um 40% aðspurðra greiddu fyrir þann þjónustupátt meðan á dvöl stóð. Alls keyptu 70% þátttakenda veitingar, 7% menningartengda þjónustu, um 47% greiddu fyrir afþreyingu og 37% keyptu vörur í verslunum bæjarins.

Til afþreyingar teljast m.a. gönguferðir með leiðsögn, náttúruböð, hestaferðir, veiði og jeppaferðir. Til menningar teljast m.a. tónleikar, sýningar, heimsóknir á söfn og í gallerí. Útgjöld vegna samgangna voru í flestum tilvikum vegna eldsneytiskaupa. Meðalútgjöld erlendra ferðamanna í Mývatnssveit hafa verið nokkuð áþekkt sumrin 2014-2016 þar sem þau voru lægst 10.393 kr. sumarið 2015 og hæst 11.458 kr. sumarið 2014. Þó varð lækkun á útgjöldum í flokki gistingar þar sem hlutfall næturgesta lækkaði. Lækkun varð einnig í flokki samgangna og verslunar en hækkun í flokki afþreyingar.*

Ef reiknað er með að heildarfjöldi erlendra gesta í Mývatnssveit árið 2016 hafi verið á bilinu 430-450 þúsund** má áætla að heildarútgjöld þeirra á svæðinu hafi verið um 4,5-4,7 ma.kr. árið 2016.

Um er að ræða nálgun út frá áætluðum fjöldatölum og hlutföllum svo niðurstöðunum ber að taka með fyrirvara. Engu að síður gefa þær vísbendingu um umfang atvinnugreinarinnar út frá gefnum forsendum.




*Útgjöldin miðast við miðgengi Seðlabanka Íslands 15. júlí ár hvert og VNV í júlí 2016.

**Ferðamálastofa. (e.d.). Áætlaður fjöldi á svæðum og stöðum.

Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi dvöl þína í Mývatnssveit?

Af þeim sem komu með athugasemdir varðandi dvöl þeirra í Mývatnssveit höfðu 20% ekkert nema gott um heimsókn sína til staðarins að segja. Um 16% svarenda gerðu athugasemdir við salernisaðstöðu á svæðinu þar sem í langflestum tilfellum var um að ræða skort á aðstöðu við ferðamannastaði. Alls höfðu um 14% aðspurðra athugasemdir um upplýsingagjöf til ferðamanna á svæðinu. Var þar í flestum tilvikum um að ræða skort á merkingum gönguleiða en einnig var óskað eftir betri upplýsingum um almenningsamgöngur, meiri upplýsingum um jarðsögu svæðisins og sérstaklega merkt svæði fyrir „ljósmyndastopp“. Alls nefndu um 7% svarenda náttúruna í athugasemdum sínum. Þar var bæði um að ræða jákvæðar athugasemdir við náttúrufergurð svæðisins en einnig komu fram áhyggjur af átroðningi og náttúruvernd.

Aðrar athugasemdir snéru helst að háu verðlagi, fleiri göngustígum, veðurfari, flugum og skorti á ódýrri gistipjónustu.



Minni brennistein í kranavatninu

Hér er svæðið ekki of markaðsvætt.
Fullkomið eins og það erFrábært að það sé
ókeypis aðgangur í
DimmuborgirSérstök heimasíða með upplýsingum fyrir
útlendinga eins og okkurÞessi staður er ótrúlegur.
Ég mun koma hingað afturNöfn ferðamannaastaða á ensku. Það er erfitt að
lesa og muna nöfn á íslensku

Kort af gönguleiðum

Fleiri farfuglaheimili með
svefnsölum

Við nutum ferðarinnar Frábært land

Við forðumst venjulega fjölsóttustu ferðamannasvæðin

Ég hefði viljað fá ókeypis ferð með
íslenskum landvörðum

Fleiri tré

Fleiri bæklingar eða kort
með afþreyingu svæðisins

Ókeypis salernisaðstöðu

Fallett veður

Veitingastaður með mat úr héraði

Ísland virðist taka vel á móti auknum fjölda ferðamanna

Frítt WiFi

Fleiri almenningssalerni

Sérmerktir staðir fyrir
ljósmyndastopp

Hátt verðlag

Við erum mjög hrifin af
þessu svæðiBetri upplýsingaskilti
fyrir ferðamenn

Góðar móttökur

Haldið þessu eins og það er

Betri aðgangur að
ókeypis drykkjarvatniÁætlaður göngutími helstu
gönguleiða á korti

Meira gistiframboð

Lundar

Brattari stígar upp að
eldfjallinu

Fáið þungarokkssveitina Dimmuborgir til að spila við Dimmuborgir

Gott fólk

Frítt WiFi á veitingastöðum

Eldfjallaklifur

Vildi að ég hefði meiri tíma hér

Það vantar betri göngustíga
umhverfis vatnið

Sólin komin og við mjög heppin í dag

Frábær útsýnistúr

Sænskur fiskur í verslanir

Verndið náttúruna

Gómsætur silungur á veitingastaðnum

Silungurinn var ljúffengur

Fallegur staður

Hefði viljað fara á hestbak
en hef ekki tímaOf mikið af malbikuðum slóðum.
Gott fyrir hjólastóla en leiðinlegt
fyrir göngufólk

Mjög góð upplýsingamiðstöð

Bað

Allt í góðu lagi

Færri flugur

Það væri gaman ef við
gætum séð eldfjallStýrið fjölda gesta á
fjölsóttustu stöðunum

Fleiri ruslafötur

Innisundlaug við Jarðböðin

Betri heimasíða fyrir rútuferðir um svæðið

Meiri matur

Haldið jafnvægi milli fjölda
ferðamanna og
náttúruupplifunarinnar

Jarðböðin eru frábær

Betri hreinlætisaðstöðu á
tjaldsvæðumMjög vel hannaðir og
merktir göngustígar

Fallett en of troðið

Ég mun skoða náttúruna
og fara í gönguferðir

Vonandi komum við aftur hingað

Við komum til að njóta náttúrunnar

Við erum mjög ánægð með ferðina

Takk fyrir mig!

Erlendir ferðamenn heimsækja Mývatnssveit vegna sérstæðrar og fallegrar náttúru svæðisins. Þeir vilja fara í gönguferð, útsýnisferð og náttúruböð en stoppa styttra á staðnum en áður. Þetta er meðal þess sem kemur fram í niðurstöðum könnunar um ferðavenjur þeirra á svæðinu sumarið 2016.

Árstíðasveifla í ferðaþjónustu er ennþá töluverð í Mývatnssveit þó svo að að dregið hafi úr henni síðustu ár. Af þeim 201 þúsund gistinóttum erlendra ferðamanna sem voru í Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit árið 2016 áttu 80% sér stað frá maí til september.

Þrátt fyrir að gistinóttum hafi farið fjölgandi á svæðinu hefur hlutfall næturgesta í Mývatnssveit lækkað á tímabilinu 2014-2016. Samhliða lækkandi hlutfalli næturgesta hefur dvalartími erlendra gesta styst.

Meðaldvalarlengd þeirra sumarið 2016 var um 17 klst. og flestir dvöldu á staðnum í 25-48 klst.

Hlutfall sumargesta frá Þýskalandi hefur mælst hærra í Mývatnssveit en á landsvísu undanfarin ár. Á tímabilinu 2014-2016 fór það þó lækkandi á meðan hlutfall gesta frá Bandaríkjunum hækkaði á svæðinu.

Af þeim erlendu ferðamönnum sem dvöldu yfir nótt í Mývatnssveit gistu flestir á hótelum sem er breyting frá fyrri árum þegar flestir gistu á tjaldsvæðum. Gestir frá Þýskalandi voru líklegri en aðrir til að gista yfir nótt.

Ferðamenn í Mývatnssveit virtust almennt hafa ákveðið að heimsækja staðinn áður en þeir komu til Íslands og voru flestir í ferð á eigin vegum. Meðalútgjöld þeirra á sólarhring voru um 10.500 kr. og hæsti útgjaldaliðurinn var gistiþjónusta.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar virðist upplifun ferðamanna af dvöl þeirra í Mývatnssveit almennt vera jákvæð. Flestir gestanna voru ánægðir eða mjög ánægðir með dvölinu og gestir frá Bandaríkjunum voru heldur ánægðari en aðrir.

Niðurstöður könnunarinnar gefa vísbendingu um þróun og stöðu ákveðinna þátta ferðaþjónustu í Mývatnssveit á tímabilinu 2014-2016. Varast ber að alhæfa út frá niðurstöðunum en engu að síður eru þessar upplýsingar ásamt öðrum áreiðanlegum gögnum í ferðaþjónustu mikilvægt þúsl í heildarmynd atvinnugreinarinnar á landsvísu. Athugasemdir og óskir ferðamanna sem koma fram í könnuninni auka einnig skilning á þörfum þeirra og upplifun meðan á dvöl stendur og eru mikilvægar fyrir svæðisbundna stefnumótun og uppbyggingu atvinnugreinarinnar.